

57. fundur stjórnar Skálholts,  
haldinn í Skálholtsskóla fimmtudaginn 14. október 2010 kl. 10:30.

Mætt voru: Sigurður Sigurðarson, Jóhann E. Björnsson, Kristján Björnsson, Kristinn Ólason og Hólmfríður Ingólfssdóttir.

Sigurður setti fund.

1. Fundargerð síðusta fundar. Samþykkt.

2. Fjármál.

Lagt fram yfirlit yfir stöðuna til 30. september.

Á fundi fjármálahóps kirkjuráðs í gær komu fram ábendingar og tilmæli varðandi stöðu fjármála í Skálholti og framkomin drög að fjárhagsáætlun fyrir 2011.

Hópurinn vill meiri tekjuaukningu en áætlunin sýnir. Farið fram á niðurskurð á launakostnaði. Þegar hefur starfsfólki verið fækkað. Óskað er eftir nýrri áætlun fyrir Kirkjuráðsfund 21. október n.k. þar sem einnig koma fram horfur út árið 2010. Ákveðið að stjórn Skálholts fundi um fjármálin í Skálholti miðvikudaginn 20. október n.k.

Rektor og framkvæmdastjóri hafa skilað greinargerð um stöðu mála og gert grein fyrir helstu þáttum, sem valdið hafa óvæntum erfiðleikum í rekstrinum á árinu, s.s. áhrif af eldgosinu í Eyjafjallajökli og seinkun á opnun Gestsstofu.

Þá hafa þau leitað til ráðgjafa, Jóns Karls Ólafssonar, sem kom með ýmsar ábendingar um hvað betur mætti fara í rekstrinum hvað snertir ferðapjónustu.

Fundað verður með honum aftur í byrjun nóvember.

Unnið er að kynningu á nýju Gestastofunni m.a. með því að bjóða heim fulltrúum ferðaskrifstofa.

3. Skálholtskór, staða og framtíð.

Fulltrúar sóknanna í Skálholtsprestakalli komu til fundarins, ásamt sóknarpresti Agli Hallgrímssyni.

Fyrir Skálholtssókn Matthildur Róbertsdóttir, Haukadalssókn Þórey Jónasdóttir, Bræðratungusókn Margrét Baldursdóttir og Torfastaðasókn Brynjar Sigurðsson. Samstarfssamningur Skálholtsstaðar og sóknanna um starf organista og kórs var tekinn til skoðunar og reynslan af starfinu metin eftir fyrsta árið. Ánægja er með störf organista og samstarfið og ákveðið að halda því óbreyttu. Stefnt er að næsta samráðsfundi til að meta stöðuna eftir veturinn.

Efir að gestirnir yfirgáfu fundinn var farið yfir framkomna kostnaðar – og starfsáætlun frá organista vegna starfssemi kórs og organista í vetur.

Organisti óskar eftir framlagi til að kosta léttan kvöldverð fyrir Kammerkór Akransess og Skálholtskórinn 7. nóvember n.k. en þá verða kórarnir með tónleika í kirkjunni í tengslum við “Safnahelgi á Suðurlandi”. Þetta samþykkt.

Önnur mál.

Viðgerð á gluggum í Skálholtsskirkju.

Fram hefur komið hugmynd um að efna til söfnunar fyrir viðgerðunum, jafnvel erlendis. Þar er t.d. horft til Bókamessunnar í Frankfurt í Þýskalandi á næsta ári.

Þá þarf að undirbúa kynningu á verkefninu. Einnig mætti setja upp kynningu á verkefninu í kirkjunni og hafa þar söfnunarbauk.

Brunamálastofnun hefur gert úttekt á raflögnum í Skálholtskirkju og sent óskir um lagfæringar á ýmsum atriðum. Rafvirki hefur þegar bætt úr því, sem brýnast var talið, og mun ljúka verkinu á næstu vikum.

Næsti fundur stjórnar Skálholts verður haldinn 20. október n.k. kl. 12:00

Fleira ekki gert, fundi slitið kl.14:30  
Hólmfríður Ingólfssdóttir